

Litli - Hver



Hanne og Kristinn. Myndin er tekin í Eden í Hveragerði

Hanne Juul í heimsókn

Hanne Juul er framkvæmdarstjóri Kildehuset í Álaborg. Hún hefur verið framkvæmdarstjóri í Kildehuset í 15 ár og hefur mikla reynslu af alþjóðlegri starfsemi klúbbhúsahefingunarinnar. Hún hefur t.d. verið í ráðgjafaráði ICCD frá stofnun þess 1995. Á dögnum tók hún þátt í árlegum fundi ráðgjafaráðs ICCD í New York. Á leið sinni frá New York til Kaupmannahafnar notaði Hanne tækifærið og dvaldi á Íslandi í einn sólarhring. Hanne lenti á Íslandi að morgni þriðjudagsins 24.

apríl. Eftir að hafa snætt morgunmat í Klúbbnum fór hún í skoðunarferð til Gullfoss og Geysis ásamt félögum í Geysi. Hanne var stórhrifin af landslagi Íslands, sérstaklega var hún hrifin af fjölbreytileika litanna í íslenskri náttúru. Daginn eftir hélt hún svo til Danmerkur. Félagar og starfsfólk Geysis var mjög ánægt með heimsókn Hanne, enda er hún frábær manneskja og kom með skemmtilega sýn og hugmyndir sem hægt væri að nýta í Geysi.

Ráðgjafaráð



Á leið til fundar.

ICCD leitaði til Klúbbsins Geysis um að framkvæmdastjóri Geysis og einn félagi tækju sæti í Ráðgjafaráði ICCD. Í þeirri viðleitni Geysis að vera sýnilegri í starfi ICCD fóru Kristinn Einarsson og Guðni Helgason til New York 16. apríl síðastliðinn. Óhætt er að segja að ferðin hafi tekist vel. Gist var í Klúbbhúsi Fountain House í New York. Fundir ráðsins voru haldnir í Brooklyn og var rætt um fjölmörg mál sem varða Klúbbhúsasamfélagið. Mikill tími fór í að ræða hvernig hægt væri að fá fleiri Klúbbhús til að sækjast eftir vottun. Einnig var rætt hvernig ráðgjafaráðið gæti komið með tillögur að breytingum á viðmiðunarreglum. Guðni og Kristinn munu verða með framsögu og

Vorferð

Eins og áður hefur komið fram er Vorferð Klúbbsins fyrirhuguð dagana 14.-16. maí. Stefnt er að fara á Snæfellsnesið og gista í Ólafsvík. Veðurguðirnir hafa lofað blíðu þessa daga og hvetjum við alla til að skrá sig og njóta Nessins í fallegu umhverfi. Þeir sem hafa áhuga á að fara eru vinsamlega beðnir um að hafa samband við móttöku sem fyrst en skráning rennur út 2. maí. Þann dag þarf einnig að vera búð að greiða staðfestingargjald vegna ferðarinnar

Stjórnarfundur

Stjórnarfundur verður haldinn mánudaginn 7. maí frá kl. 12:15-13:00. Ársreikningur og ársskýrsla Klúbbsins Geysis verður lögð fram. Við hvetjum alla féлага til að mæta.

Aðstandendadagur

Aðstandendadagur Geysis verður 24. maí frá kl. 13:00—18:00. Við hvetjum alla féлага til að koma með vini og skyldfólk. Að venju verður boðið uppá veglegt kaffihlaðborð.

Símsvörunarnámskeið

Þriðjudaginn 24. apríl var mikið um að vera í Geysi. Eins og fram kom á forsiðu fékk klúbburinn góða heimsókn frá Danmörku. Sama dag hélt Elfa Dögg S. Leifsdóttir frá Hjálparsíma Rauða Kross Íslands námskeið í símsvörun fyrir féлага og starfsfólk klúbbsins. Um var að ræða fjögurra tíma námskeið sem var vel sótt og tókst í alla staði mjög vel. Á námskeiðinu fór Eva m.a. í gegnum viðtalstækni gegnum síma og virka hlustun. Námskeiðið mun án efa nýttast félögum vel við inn- og úthringingar.



Elfa Dögg.

Árangurskönnun

Nú fer hver að verða síðastur að taka árangurskönnunina sem er sambærileg fyrri könnunum sem lagðar hafa verið fyrir til þess að meta árangur starfseminnar. Við skorum á féлага að taka þátt.

Fréttir af húsfundum í apríl

4. apríl: Óskað var eftir að fundað yrði um ákvarðanaferlið vegna reykingabanns innan dyra í Geysi. Samþykkt var að funda sérstaklega um þetta þann 10. apríl. Benni og Ásta sögðu frá stofnfundi Evrópusamtaka Klúbbhúsháshreyfingarinnar í Stokkhólmi 19. mars sl. Minnt var á páskaveisluna og kostnaður ræddur. Spurt var hvort örugglega yrði borin fram sulta með steikinni. Því var svarað játandi og var svarinu fagnað.

11. apríl: Fundargerð síðasta húsfundar var lesin. Gerð var athugasemd við orðalag fundargerðar: „ákvarðanatöku þótti ólýðræðisleg“. Samþykkt var að breyta orðalaginu í „óánægjuraddir vegna ferlis ákvarðanatöku, þ.m.t. að fundirnir hefðu ekki verið nægilega auglýstir“. Rætt var um að það þyrfti að nýta styrkinn vegna Finnlandsferðar fyrir 1. maí 2007. Dvalið verður í Finnlandi vikuna 18. - 21. maí. Stefnt er að því að heimsækja Helsinki Klubitalo og taka þar þátt í vinnumiðaðum degi. Hugmynd kom fram um að fara í vorferð 14. - 16. maí og á að borga staðfestingargjald að upphæð 5000 kr. fyrir 2. maí. Rætt var um að 10 manns væri lágmarksfjöldi til að ferðin yrði farin og að kostnaður vegna gistingar yrði 2.200 kr. per. dag. Ákveðið var að á næsta stefnumótunarfundi yrði mótuð stefna um slíka fundi. Kristinn Stefán Einarsson og Guðni Helgason munu fara til New York 16. - 22. maí til að taka þátt í starfi ráðgjafaráðs ICCD. Skrifstofudeildinni var falið að skilgreina þörf og leita tilboða vegna tölvukaupa. Rætt var um nauðsyn verðhækkana á vöru og þjónustu í eldhúsi. Þá var þess getið að Landsbanki Íslands veitti Klúbbnum Geysi, eina milljón í styrk, og Starfsmenntunarráð, 500 þúsund.

18. apríl: Rætt var um boð Rótarý - hreyfingarinnar í Reykjavík og að félagi héldi þar erindi um starfsemi Geysis. Ákveðið var að auglýsa eftir félagi til að taka að sér verkið. Þá var minnst á auglýsingar á heimasíðu Klúbbsbins og ákveðið að koma á stefnumótunarfundi um þetta mál. Auglýst var eftir félagi í Finnlandsferð. Rætt var um að skipa nefnd vegna aðstandendadags þann 24.

maí. Opíð verður til klukkan 18.00. Verð á veitingum verður krónur 500 - 1000.

25. apríl: Rætt var um að stjórnin hafi lítið breyst frá stofnun Geysis og það þyrfti að fá einn, tvo nýja til viðbótar í stjórn. Þrír hafa sótt um að fara í vinnuferð til klúbbhúss í Finnlandi 18. - 25. maí. Aðstandendadagur var ákveðinn 24. maí kl. 12.-18. Ákveðið var að prófa nýtt fyrirkomulag og hafa þrifadag í klúbbnum á föstudögum – fyrsti dagur þar sem þetta verður prófað verður 4. maí. Félagsleg dagskrá var ákveðin fyrir maí. Síðasti dagur til að skrá sig í vorferðina og greiða staðfestingargjald er 2. maí. Rætt var um hvort læsa ætti félagatali til að takmarka aðgang að því. Minnt var á þrjú RTR störf fyrir féлага sem losna í Hagkaupum, Vitatorgi og félagsmálaráðuneytinu. Félagar eru hvattir til að sækja um.

Fréttir af framkvæmdum



Farið yfir stöðuna.

Það hefur víst ekki farið framhá nokkrum manni sem stungið hefur nefi og eyrum inn í klúbbinn síðustu vikurnar að miklar framkvæmdir hafa verið í gangi innanhúss. Lyftan er nánast tilbúin og aðeins beðið eftir því að hún verði tekin út af vinnueftirlitinu. Þá eru framkvæmdir vegna flutnings skrifstofudeildar upp á þriðju hæðina vel á veg komnar. Verið er að leggja rafmagn og kapla fyrir nýjar tölvur sem fyrirhugað er að kaupa í deildina og málningarvinna er vel á veg komin. Einnig er verið að dúkaleggja og snurfusa gólf og vegg. Vonast er til að framkvæmdir verði langt komnar og vonandi búnar fyrir aðstandendadaginn sem haldinn verður 24. maí.

Ráðning til reynslu

Starf losnar hjá Hagkaupum 20. maí. Í starfinu felst umsjón með Nammilandi. Vinnutími er frá kl. 9-13.

Í félagsmálaráðuneyti er laust starf í lok maí. Starfið felst í símsvörun og móttöku.

Starf hjá Vitatorgi er laust nú þegar. Starfið felst í aðstoð í matsal.

Áhugasamir eru hvattir til að hafa samband og kynna sér störf. Hægt er að fara og skoða vinnuaðstæður í samvinnu við starfsmenn og félagi.

Góðar gjafir

Á dögnum barst klúbbum milljón króna ávísun frá Landsbanka Íslands, en bankinn stendur núna fyrir söfnunarverkefninu: "Leggðu góðu málefni lið".

Klúbbum barst fimmhundrað

þúsund króna styrkur frá Starfsmenntaráði, sem meðal annars verður nýttur til þess að halda námskeið og bjóða félögum í Geysi persónulega fjármálaráðgjöf. Einnig gaf Nýherji hf. Klúbbum Geysi prentara og ljósritunarvél. Félagar og starfsfólk Geysis þakkar öllum þeim sem komu að þessu styrkjum og gjöfum kærlega fyrir.



Lokað

Klúbburinn Geysir verður lokaður þriðjudaginn 1. maí alþjóðlega baráttudag verkalyðsins og fimmtudaginn 17. maí uppstigningardag frelsara kristinna.

Félagslegt í maí

Fimmtudagur 3. maí

Opið hús í Geysi

Fimmtudagur 10. maí

Keila í keiluhöllinni

Lagt af stað frá Geysi kl. 16:00

Vorferð dagana 14-16. maí

Fimmtudagurinn 17. maí

Uppstigningardagur - Lokað

Fimmtudagur 24 maí

Aðstandendadagur opið til kl. 18.00

Fimmtudagur 31. maí

Gönguferð

Morgunfundir

Morgunfundir eru nú alla morgna og hefjast klukkan 09.00. Munið frían morgunmat frá kl. 9.00 til 9.30 Allir að mæta!

Deildarfundir

Fundir í deildum eru haldnir á hverjum degi kl. 9.30 og 13.00 þar sem farið er yfir verkefni sem liggja fyrir hverju sinni. Við hvetjum félagi til að mæta á fundina.



Klúbburinn Geysir er opin alla virka daga frá kl. 08:30 - 16:00, nema föstudaga er lokað kl. 15:00.